

MINNISBLAÐ

DAGS.

09.03.2023

SENDANDI

Ásgeir Margeirsson (Háblær)
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

MÁLEFNI

Svör við umsögnum um endurnýjun vindmylla við Þykkvabæ

DREIFING

Skipulagsstofnun

Svör við athugasemdum/spurningum Rangárþings Ytra

- „breyttum forsendum í tengslum við lýsingu deiliskipulags svæðisins er varðar áður fyrirhugaða nýtingu orkunnar sem upphaflegar vindmyllur áttu að framleiða og skuggaáhrifum á nærliggjandi byggð“
 - o Hvað nýtingu orkuna varðar þá er það tækniatriði sem hefur lítil áhrif á umhverfisáhrif og ekkert sem umhverfismat tekur sérstaklega á. Forsendur deiliskipulagsins eru auk þess óbreyttar og enginn vafi á því hvað verður um orkuna. Í deiliskipulaginu segir orðrétt:
„Jarðstrengur verður lagður frá nyrðri spennistöðinni að þeirri syðri og áfram að spennistöð við kartöfluverksmiðjuna, sem nýta mun orku frá vindrafstöðvunum. Umframorka mun fara inn á dreifikerfi Rarik“.
Það er nákvæmlega það sem gerist. Rafmagnið frá vindmyllunum fer í spennistöð Rarik sem stendur við kartöfluverksmiðjuna í Þykkvabæ. Þaðan fær kartöfluverksmiðjan orkuna sína, sem einnig fer áfram út á dreifikerfi Rarik, til notenda. Rafmagnið getur ekki farið fyrst í verksmiðjuna og svo í spennistöðina. Fram kom í athugasemdum á íbúafundi 28. feb. 2023 að hugmyndin virðist hafa verið að kartöfluverksmiðjan gæti fengið rafmagn beint frá eldri vindmyllunum án þess að greiða fyrir flutning og dreifingu orkunnar. Slíkt getur ekki gerst í tilviki kartöfluverksmiðjunnar og er rétt að vísa í raforkulög í því sambandi. Væri það gert, þá mætti verksmiðjan ekki þiggja orku af kerfinu og væri því án rafmagns þegar vindmyllurnar væru ekki í gangi, í logni og þegar sinna þarf viðhaldi á vindmyllunum.

Tenging orkuframleiðanda við flutnings- eða rafdreifikerfi er í samræmi við raforkulög. Hver orkunotandi getur hins vegar valið sér þann orkusala sem hann telur henta sér best hverju sinni. Háblær ehf. er hins vegar ekki samásöluaðili raforku og getur því ekki selt raforku til einstakra notenda. Dreifing og nýting orkunnar er því í samræmi við gildandi deiliskipulag og raforkulög í landinu.
 - o Varðandi skuggaflökt þá er engin byggð á þeim svæðum þar sem helst má búast við skuggaflökki eða skuggum. Seinnipartinn og á kvöldin þegar sólin er lágt á lofti þá er hún í vestri og það er engin byggð austan við vindmyllurnar sem gæti orðið fyrir áhrifum. Sama má segja um yfir háveturinn þegar sólin er lágt á lofti í suðri, það er engin byggð fyrir norðan myllurnar nálægt þeim. Það eru tvö hús vestan við myllurnar (Borgartún 1 og 2), en eins og einn íbúi sagði á

Íbúafundi í Þykkvabæ þann 28. feb 2023, það þarf að vakna kl. 6 á morgnana á sumrin til að verða var við skuggaflökt og það varir yfir í stuttan tíma og einungis hluta úr ári. Á veturna kemur sólin það seint upp að hún er ekki í háaustri. Nýju vindmyllurnar eru jafnframt lægri en þær eldri sem minnkar enn áhrifin frá því sem áður var.



MYND 1 Norður er upp á myndinni. Líkt og sést þá er engin byggð á þeim svæðum þar sem helst er hætt við skuggaflökkt. Sólin rís í austri og sest í vestri svo skuggar lenda á auðu landi svo til allar sólarstundir nema mögulega eldsnemma á morgnana á sumrin þegar sólin kemur upp í háaustri. Nýju myllurnar verða lægri en þær sem áður voru sem minnkar enn áhrif.

- „Skipulagsnefnd metur það einnig svo að áformin séu ekki að fullu í samræmi við stefnumótum um nýtingu á vindorku í Rangárþingi ytra sem unnin var í skýrslu frá Eflu verkfræðistofu árið 2017 og varð hluti af aðalskipulagi Rangárþings ytra 2019“
 - o Stefnumótunin er ekki afturvirk og aðalskipulag sveitarfélagsins, sem samþykkt var í október 2019, gerir ráð fyrir tveimur vindmyllum á þessum stað sem og gildandi deiliskipulag. Í dag er allt skipulag og virkjunarleyfi í gildi fyrir 1,2 MW vindorkuver og hægt að reisa nýjar þannig vindmyllur án þess að þurfa að fara í gegnum leyfisferla að nýju fyrir utan byggingarleyfi sveitarfélags og endurnýjun starfsleyfis heilbrigðiseftirlits.
Þetta matsskyldufyrirspurnarferli kemur eingöngu til þar sem verið er að stækka virkjunarleyfi úr 1,2 MW í 1,8 MW. Það er verið að minnka mannvirki til að draga úr umhverfisáhrifum og á sama tíma auka orkuframleiðslu um 50% og er það í fullu samræmi við orkustefnu Íslands til ársins 2050 að fullnýta orkumöguleika þar sem nú þegar er verið að vinna orku.
<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/ANR/Orkustefna/B%C3%A6klingur.pdf>
- „Eitt af markmiðum umhverfismats framkvæmda er að tryggja aðkomu almennings að umhverfismati og samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða. Skipulagsnefnd telur að heimamenn á hverjum stað búi yfir staðbundinni þekkingu á umhverfi og aðstæðum sem nýst getur við

mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Það er því mat skipulagsnefndar að þessi framkvæmd geti verið háð umhverfismati framkvæmda.“

- Það er rétt að það er mikilvægt að hafa samráð við íbúa og þess vegna hélt Háblær íbúafund í Þykkvabæ þann 28. febrúar 2023 án þess að bera nokkra lagalega skyldu til þess. Það er mikill ábyrgðarhluti að dæma framkvæmd í umhverfismat með tilheyrandi kostnaði og tímatapi og það verða að vera góð og gild rök fyrir þeirri ákvörðun. Óvíst er hvaða nýju upplýsingum umhverfismat ætti að skila og hvaða tilgangi það myndi þjóna þegar stærrí mannvirki stóðu í næstum því áratug á sama stað, umhverfisáhrif eru því vel þekkt.

Enn fremur er rétt að benda á að þær ábendingar sem komu fram í umsögn sveitarfélagsins eiga allar uppruna sinn í athugasemdum á umræddum fundi. Af 40-50 þátttakendum mátti telja andmælendur á fingrum annarrar handar. Margir þátttakendur á fundinum lýstu ánægju sinni með áform um að reisa nýjar, lægri og betri vindmyllur í stað hinnar sem fyrir voru, þess er hins vegar ekki getið í umsögn sveitarfélagsins.

Svör við athugasemdum/spurningum Náttúrufræðistofnunar Íslands

- „Þar á meðal eru tegundir sem eru almennt viðkvæmar fyrir áflugshættu eins og álftir og gæsir“

- Þar sem álftir og gæsir hafa flogið á raflínur fer það ekki á milli mála, fiður út um allt og hræ eru augljós, líklegt er að svipað sé uppi á tengingum þegar slíkir fuglar lenda á vindmyllum. Framkvæmdaraðili telur óhætt er að fullyrða að ef álftir og gæsir hefðu lent í vindmyllunum þau ár sem þær voru í notkun þá hefði verið eftir því tekið. Vindmyllurnar eru lægri en Hallgrímskirkja, nálægt byggð sem minnkar fjölda fugla og alveg niður undir sjávarmál þar sem skyggni er oftast gott.

Rannsókn frá Danmörku (2020) sýnir að áflug fugla, einkum gæsa, er mun minna en oft hefur verið haldið fram. Fylgst var með áflugi við Vejlerne verndarsvæðið á Jótlandi en þar eru 22 vindmyllur sem ná 149,5 m hæð með spaða í toppstöðu. Tvisvar á hverjum degi, að morgni til og kvölds, fljúga allt að 30.000 heiðagæsir og nokkur hundruð trönur fram hjá vindmyllunum. Rannsakendur urðu varla varir við nokkurt áflug allan rannsóknartímann. Í rannsókninni, sem spannaði tvö ár, var sérstaklega tekið tillit til þess að refir og önnur rándýr gætu fjarlæggt hræ.

<https://www.windpowermonthly.com/article/1697603/almost-no-birds-die-collisions-wind-turbine-blades-research-finds>

https://group.vattenfall.com/contentassets/36627206e80942949cf3f5e1ab2a7601/klim-vindmollerpark_monitering-af-kollisioner_endelig-rapport_resume_160120.pdf

Í sérstökum leiðbeiningum Naturescot um áhrif lítilla vindlunda (þrjár eða færri myllur) á grá- og heiðagæsir segir eftirfarandi:

„Both greylag and pink-footed geese are normally listed as 'target species' during vantage point surveys which are carried out to quantify bird activity around wind farm proposals in eastern and southern Scotland. Our large migratory and wintering populations often result in large numbers of these species being recorded in flight around proposed wind farm sites, raising concerns about the potential for high levels of collision mortality. However, a range of evidence from Europe and

America suggests that the frequency of goose collisions at wind farms is low (review in Rees 2012). This has recently led SNH to increase its recommended avoidance rate for all goose species to 99.8%“

https://www.webarchive.org.uk/wayback/archive/20221026161429mp_/https://www.nature.scot/sites/default/files/2019-01/Guidance%20-%20Assessing%20impacts%20to%20pink-footed%20and%20greylag%20geese%20from%20small-scale%20wind%20farms%20in%20Scotland.pdf

Rannsóknir sýna því að áflug gæsa er mjög lítið, og er það í fullu samræmi við reynslu af rekstri vindmylla við Þykkvabæ frá 2014.

- „Hins vegar kemur ekki fram hversu regluleg sú vöktun var, hvaða aðferðum var beitt og hvort sérstaklega var fylgst með á fartíma. Hræ fugla geta verið fljót að hverfa ef t.d. ef refir eða fuglar komast í þau. Vöktun á áflugi þarf því að vera markviss.“
 - o Ekki var um skipulagða vísindalega vöktun að ræða, en landeigandi hafði eftirlit með umhverfinu að jafnaði tvisvar á dag hvern einasta dag þegar hann fór þar um og fóðraði skepnur sínar. Ein vængbrotnin veiðibjalla fannst 14. maí 2015 og ekki er vitað hvort hún hafi flogið á spaða eða ekki. Tvö lóuhreiður fundust við vindmyllurnar sumarið 2015 og komust ungar úr báðum hreiðrum á legg. Lóur safnast mikið saman á svæðinu, sérstaklega á milli myllanna á haustin og fylgst hefur verið vel með álfum og gæsum. Samkvæmt bændum á svæðinu virðist rekstur myllanna ekki hafa áhrif á ágengni gæsa og álfra í nærliggjandi tún og kartöflugarða. Áhrif á fugla eru því mjög lítil.
- „Þá skortir almennar upplýsingar um þéttleika fugla á svæðinu, bæði á varptíma og fartíma, sem og upplýsingar um tíðni, stefnu og flughæð farfugla á fartíma. Náttúrufræðistofnun mælir með að framkvæmda aðili láti framkvæma fuglarannsóknir t.d. með radarmælingum til að hægt sé að byggja mat á áflugshættu á greinargóðum gögnum“
 - o Þetta eru að mati framkvæmdaraðila alltof íþyngjandi kröfur fyrir framkvæmd sem raskar engu og áralöng reynsla sýnir að áflug er lítið sem ekkert. Gárungar í sveitinni tala um að einu dauðu fuglarnir sem sjáist séu framan á grillum þeirra bifreiða sem aka um sveitavegina í kring. Einn skotveiðimaður heggur mun stærri skörð í íslenska fuglastofna en vindmyllurnar nokkurn tímann, jafnvel heimiliskettir sem ganga lausir eru afkastameiri. Hérna er verið að ræða um svo fáa einstaklinga fugla að það eru engin vísindaleg eða málefnaleg rök sem kalla á nauðsyn slíkra umfangsmikilla rannsókna.

Þess má geta að fyrir stóra vindlundi nefnir Naturescot að radar sé einungis „alternative method“ og jafnframt að „SNH recommends that radar is only used to assess sites where there is likely to be high nocturnal activity of important species“.

<https://www.nature.scot/sites/default/files/2018-06/Guidance%20Note%20-%20Recommended%20bird%20survey%20methods%20to%20inform%20impact%20assessment%20of%20onshore%20windfarms.pdf> (kafla 4)

Fyrir litla vindlundi (small scale) þar sem vindmyllur eru þrjár eða færri eru gerðar mun minni kröfur til fuglarannsóknna og jafnvel sé nóg að byggja á fyrirbyggjandi gögnum og ekki ráðast í neinar rannsóknir. Lítið er gert úr áflugshættu, enda um mjög fáa fugla að ræða:

„Our guidance on assessing impacts to pink-footed and greylag geese from small-scale wind farms in Scotland should also be referred to in situations where small-scale wind energy proposals lie within the core foraging range from SPAs [special protected areas] classified for these species. In most cases, using this guidance, the applicant / planning authority should be able to conclude that there will be no likely significant effect on these SPAs“.

<https://www.nature.scot/doc/assessing-impact-small-scale-wind-energy-proposals-natural-heritage>

Niðurstöður rannsókna sem hefur verið vitnað í hér í þessum viðbrögðum Háblæs er vel hægt að heimfæra yfir á vindmyllurnar tvær við Þykkvabæ. Óhætt er að fullyrða að áhrif vindmyllanna á fuglalíf séu óveruleg og lítil óvissa fólgin í því mati.

Líkt og áður segir liggur fyrir samþykkt aðal- og deiliskipulag og virkjanaleyfi fyrir 1,2 MW vindmyllur. Það eina sem vantar til að hægt sé að reisa nýju vindmyllurnar og starfrækja þær er að byggingarfulltrúi samþykki aðaluppdrætti og burðarþolsteikningar og önnur tengd gögn og gefi út byggingarleyfi, og að heilbrigðiseftirlit gefi út starfsleyfi. Það liggja engar forsendur fyrir því að þessi leyfi verði ekki gefin út. Búið er að kaupa vindmyllurnar og verða þær reistar og framleiðslan takmörkuð við 1,2 MW þangað til að uppfært virkjunarleyfi fyrir 1,8 MW fæst. Mannvirkin munu því rísa og spaðarnir munu snúast, þetta matsskyldufyrirspurnarferli er því eingöngu til að meta hvort það þurfi að fara í umhverfismat að leyfa spöðunum að snúast örlítið hraðar og framleiða 0,6 MW meira, sem eins og áður segir er í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um aukningu orkuvinnslu þar sem hún er fyrir.